

**Ed.**

### **845. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haldið 2 fundi um málið og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn (StgrA, GÍG, IngP og EE) vill samþykkja frumvarpið, og skilar hann því sérstöku álit. Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### **BREYTINGUM:**

1. Við 3. gr. 2. mgr. falli niður.
2. Við 8. gr.
  - a. 3. mgr. falli niður.
  - b. Orðin „né þeirra féлага . . . . laga þessara“ í síðustu málsgr. falli niður.
3. Við 9. gr. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:  
Einstaklingar og félög, sem hafa útgerð að aðalatvinnu og lán hafa fengið úr o. s. frv.
4. Við 11. gr. Orðið „hálfan“ í síðustu línu málsgr. falli niður.
5. Við 13. gr.
  - a. 1. mgr. orðist svo:  
Eignir þær, er stofnlánadeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða af 2 dómkvöddum mönnum.
  - b. 3. másl. verði 2. mgr.
6. Við 15. gr. Aftan við d-lið bætist: Ákvæði þetta gildir þó ekki, ef stöðvunin stafar af óviðráðanlegum ástæðum.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Gísli Jónsson,  
form.